



**Schola Akureyrens**

**Áfangalýsing**

**Franska 2A050**

**Vorönn 2013**

**Bekkur: 2-T**

**Námsefni: Latitudes 1 – lesbók og vinnubók – lesnir verða kaflar 10-12 – Régine Mérieux og Yves Loiseau  
Le Petit Nicolas - Goscinny og Sempé – Longman**

**Lýsing á efni áfangans:**

Þetta er 1. áfangi á 2. þrepi. Viðfangsefni undanfarans eru rifjuð upp og sett í nýtt samhengi. Áfram er unnið að aukinni færni nemenda í lesskilningi, tali, hlustun og ritun þar sem fléttað er inn í kennsluna menningu og daglegu lífi frönskumælandi landa. Orðaforði er aukinn og ný málfræðiatríði þjálfað með hliðsjón af færnimarkmiðum áfangans.

Einnig er lesin léttlestrarbók og verkefni unnin í henni. Nemendur fá einnig meira sjálfstæði til að vinna að verkefnum í samvinnu við kennara og um leið eru gerðar auknar kröfur til sjálfstæðra vinnubragða nemandans.

**Lokamarkmið áfangans:**

**Nemandi skal hafa aflað sér almennrar þekkingar og skilnings á:**

- þeim orðaforða sem nauðsynlegur er til að ná hæfnimarkmiðum áfangans
- grunnatriðum fransks málkerfis: framburði, tónfalli, einfaldri setningaskipan og málfræði sem nauðsynleg eru til á ná hæfnimarkmiðum áfangans
- menningu og siðum í frönskumælandi löndum og fengið aukna innsýn í menningu, samskiptavenjur og siði þjóðanna

**Nemandinn skal hafa öðlast leikni í að:**

- skilja einfaldar setningar, spurningar og upplýsingar sem tengjast daglegum athöfnum hans
- skilja lykilatriði í stuttum frásögnum í bókum, blaða- og tímaritsgreinum
- skilja stutt persónuleg bréf þar sem sagt er frá daglegu lífi, atburðum, tilfinningum og óskum og beðið um upplýsingar
- skilja texta um staðreyndir sem varða persónuleg eða menningarleg málefni
- skrifa texta af fjölbreyttara tagi en áður
- geta spurt og svarað einföldum spurningum um liðna atburði
- geta aflað sér hagnýtra upplýsinga
- skrifa einfaldan texta um málefni sem nemandinn þekkir
- skrifa einföld persónuleg bréf, segja stuttar persónulegar fréttir, greina frá liðnum atburði,
- lýsa hlutum og fólki

**Nemandinn skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:**

- tileinki sér efni ritaðra texta af ýmsu tagi og hagnýta á ýmsan hátt
- geta tjáð sig á um tilfinningar og viðhorf
- greina meginefni í persónulegum textum og textum um daglegt líf og athafnir, ásamt textum um hversdagsleg og menningarleg málefni
- takast á við tiltekna aðstæður í samskiptum og beita viðeigandi mál- og samskiptavenjum
- lesi skáldsögu eða annan texta af hæfilegu þyngdarstigi og geti tjáð sig munnlega og skriflega um efni hans
- miðla á einfaldan hátt eigin þekkingu, skoðunum og tilfinningum sem og persónulegri reynslu
- skiptast á skoðunum við aðra um framtíðina
- skrifi fjölbreytta texta um menn og málefni
- beri kennsl á málsnið og kunnir að beita þeim
- nýta þekkingu og leikni til að leysa úr viðfangsefnum einn eða í samstarfi við aðra
- meta eigið vinnuframlag og framfarir í áfanganum

### **Námsmat:**

Lokapróf	50%	
Munnlegt próf	15%	
Kaflapróf	10%	( um miðja önnina )
Þemaverkefni	5%	
Vinnueinkunn	10%	
Smásaga	10%	( Le Petit Nicolas )

Nemandi verður að ná lágmarkseinkunn á lokaprófi til þess að einkunnir í lokaverkefnum og öðrum prófum séu teknar til greina í lokamati. Annars gildir lokapróf 100%. Öll annarpróf verður að taka.

Vinnueinkunn samanstendur af eftirfarandi þáttum: Mæting, virkni í tímum, sjálfstæði í vinnubrögðum, verkefnaskil og samvinna við kennara og nemendur.

Birt með fyrirvara um breytingar á námsframvindu og námsmati og vonum um góða samvinnu.

Örn Þór Emilsson D.E.A.